

1. fundur IOTA deildar starfsárið 2023-2024 haldinn á Þingeyri 3. október 2023

Mættar voru 9 konur.

Byrjað var í starfsaðstöðu Kómedíuleikhússins á Þingeyri, en Kómedíuleikhúsið er eina atvinnuleikhúsið á Vestfjörðum. Elfar Logi Hannesson annar eigandi og stjórnandi leikhússins tók á móti okkur þar og sýndi okkur húsakynni og sagði okkur frá starfseminni, sem er um margt merkileg og yfirgripsmikil.

Við færðum okkur síðan í Blábankann þar sem Vilborg Ása formaður setti fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi.

Eftir mat og kaffi sem Jónína Hrönn og Kristín Björk buðu upp á sagði Ása frá framkvæmdaráætlun landsstjórnar til næstu tveggja ára, en Ása er ritari þar. Þar var m.a. talað um gera könnun meðal félaga um hvað það er sem þær vilji gera eða fræðast um, talað um að gera samtökin sýnilegri í íslensku samfélagi – t.d. með því að standa fyrir ýmiss konar ráðstefnum tengdum fræðslumálum, eða láta sig menntamál enn meira varða. Starfandi er menntamálanefnd innan DKG en hún sér aðallega um þing DKG. Árný forseti DKG er væntanleg á næsta fund okkar deildar sem haldinn verður í MÍ 7. nóvember, til að kynna félagið betur og Ása stakk upp á að þá myndi hver og ein kona bjóða með sér einni konu til að efla áhuga og breiða út boðskapinn.

Ása spurði einnig hvað konur myndu vilja fræðast um eða skoða og komu upp nokkrir forvitnilegir staðir, t.d. Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Háskólasetrið, Vestfjarðarstofa og einnig var talað um að gott væri að fá fræðslu um hinseginleikann.

IOTA deild verður 20 ára á næsta ári – hvað á að gera þá?

Orð til umhugsunar féllu niður þar sem sú sem ætlaði að vera með þau komst ekki, rætt um að taka upp aftur liðinn «Kona kynnis sig» og ætlar stjórnin að byrja (sennilega næst).

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.30

Jónína Hrönn Símonardóttir, ritari.